

Nd.

532. Frumvarp til laga

[144. mál]

um flokkun og mat á gærum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 305 með þessari breytingu:

II. kafli hljóðar svo:

II. KAFLI

Um meðferð á gærum og um sölumat þeirra við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrir mælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gæurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettóþyngd saltlausra gæra. Nánari ákvæði um meðferð á gærum og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.